

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Ármót. Breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ármót. Gerð er breyting á deiliskipulagi þar sem hluti skipulags neðan (suðaustan) við Landeyjaveg verður felld út af skipulagi. Gerð er breyting á afmörkun og byggingarskilmálum fyrir byggingarreit B5. Reiturinn var áður afmarkaður fyrir íbúðarhús en með breytingunni verður skilgreind uppbygging á ferðaþjónustu. Samhliða breytingu deiliskipulagsins fyrir Ármót er unnið að nýju deiliskipulagi fyrir neðra svæðið, Fróðholtshjáleigu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fróðholtshjáleiga. Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Fróðholtshjáleigu. Gert verður ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa og sumarhúsa ásamt geymslum og skemmum auk útihúsa á 6 lóðum. Um er að ræða skipulag sem var áður hluti af deiliskipulagi fyrir Ármót en hefur verið felld út og gert að sérstöku skipulagi. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur því eldra deiliskipulag úr gildi að hluta til. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. júní 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025